

## Hverfisráð Laugardals

Ár 2017, mánudaginn 27. mars, kl.16.00 var haldinn 151. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um tónleikana Secret Solstice.

Ómar Einarsson og Guðmundur Vignir Óskarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kristín Elfa Guðnadóttir tekur sæti á fundinum kl. 16.14.
- Sigurður Þórðarson tekur sæti á fundinum kl. 16.18.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð ítrekar fyrri ályktanir sínar um að ekki sé eðlilegt að tónleikarnir séu auglýstir áður en samningar um þá liggja fyrir.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar ,dags. 23. mars 2017, þar sem tilkynnt er að Sigurður Þórðarson taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í stað Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur. Jafnframt að Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir taki sæti sem varaáheyrnarfulltrúi í stað Sigurðar.
3. Lagt fram bréf frá öldungaráði Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir að fulltrúi öldungaráðs fái að sitja fundi hverfisráðsins til þess að styrkja samráð og samstarf milli allra hagsmunaaðila um málefni borgarinnar. Framkvæmdastjóra falið að kanna rétt slíkra fulltrúa til launa fyrir fundarsetu.
4. Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði um nýtt skipulag við fegrunarviðurkenningar hjá borginni. Hverfisráð lýsir sig reiðubúið til samstarfs við umhverfis- og skipulagssvið við að lýsa eftir tilnefningum innan hverfisins.
5. Fram fer umræða um brettagarð við Laugarlækjaskóla. Frestað.

### Fundi slitið kl. 17.20

Heiðar Ingi Svansson

Bjarni Jónsson  
Kristín Elfa Guðnadóttir

Sandra Berg Cepero  
Elín Engilbertsdóttir